

Miðvikudaginn 14. júní 1995.

Nr. 202/1995.

Vilhjálmur Thomas

(Ingólfur Hjartarson hrl.)

gegn

Stellu Jóhannsdóttur

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. maí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 12. júní sl. Kæruheimild er í 79. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 15. maí 1995, þar sem staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 12. september 1994 um að stöðva nauðungarsölu á eignarhluta varnaraðila í fasteigninni Skipasundi 31 í Reykjavík. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og hrundið verði ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 12. september 1994. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp af Sigurjónu Símonardóttur, fulltrúa við Héraðsdóm Reykjavíkur. Í dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 18. maí 1995, í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómvaldsins, . . .“. Verður að telja þetta eiga jafnt við um einkamál sem opinber mál. Með vísan til þess verður ekki hjá því komist að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og alla meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísa málinu heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.
